



Fundargerð: Stjórnarfundur Félags sjúkrapjálffara

Dagsetning 17.01.2025 - (15:00 – 18:00)

Fundarmenn: Gunnlaugur Már Briem, Þóra Björg Sigurbórsdóttir (fundarritari), Hildur Sólveig Sigurðardóttir, Kári Árnason og Guðný Björg Björnsdóttir.

1. Samþykkt fundargerða:

Fundargerð stjórnarfundar FS frá 16. desember 2025 er samþykkt. Afrit verður birt á vef Félags sjúkrapjálffara.

2. Hagsmunagæsla – Almanntengsl

Vinnudagur með ATON verður haldinn fimmtudaginn 29. janúar um málefni sem stjórn hefur sett í forgang. GB, KÁ og LE munu taka þátt í vinnustofunni, stjórn mun koma að undirbúningi og þátttöku fundarins.

3. Krafa TR um skýrslugerð og framgangsmat

Skoða þarf þetta atriði sérstaklega. Ekki hefur verið veitt heimild fyrir greiðslu þ.e. að TR megi ekki greiða fyrir þessa vinnu.

Skoða þarf heimild til greiðslu og skyldu sjálfstætt starfandi varðandi þessa vinnu.

4. Dagur sjúkrapjálffunar

Aðalfyrirlesari verður Tasha Stanton og mun fjalla um króníska verki sem og slitgigt í hné. Lagt til að ljúka deginum um kl. 15:30 – 16:00.

5. Ný heimasíða Félags sjúkrapjálffara

Áfram er unnið að nýrri heimasíðu FS, félagið sendi út og óskaði eftir ábendingum um uppfærðar upplýsingar í leitarvél starfsstöðva. Unnið að minni lagfæringum og yfirfærslu efnis.

Búið er að skipa hóp í tengslum við gerð uppfærðs mælitækjabanka á vef FS. Fundinn skipa Ólöf Ámundadóttir, Halldóra Eyjólfadóttir, Kári Árnason og starfsmaður félagsins.

6. Lagafrumvarp um breytingar á lögum um Sjúkratryggingar

Unnið er áfram að þessu máli í samtali við fulltrúa annarra heilbrigðisfélaga sem eiga hagsmuni að þessu máli.

7. FAST – track og Reglugerð ráðherra um afnám tilvísanaskyldu

Áframhaldandi vinna þar sem fulltrúar félagsins ásamt Sí útbúa umsóknir um



viðbótameðferðir. Einnig er vinna í gangi um flýtleiðir. Til skoðunar að setja saman rýnihóp til að vinna að þessu málefni.

8. Alþjóðlegt samstarf

Formaður hafði óskað eftir heimild stjórnar til að sækja Genfarskóla á sviði stéttarfélaganna fyrir hönd félagsins. Formaður upplýsir stjórn að ekki verði að þessum viðburði að þessu sinni þar sem hann stangist á við norrænan stjórnarfund sem sé í forgangsmál er varðar hagsmuni félagsins.

Rætt um að tveir fulltrúar FS fari á aðalfund evrópudeildar WCPT.

Félagið hefur fengið styrki vegna bæði Tokyo ferðar formanns sem og kostnaðar vegna Dags sjúkráþjálfunar.

9. Starfsdagur stjórnar

Var haldinn í dag. Áfram verður unnið úr niðurstöðum þeirrar vinnu.

10. Hæfniviðmið í sjúkráþjálfun

Boðað verður til fundar á næstu dögum, með fulltrúum félagsins, fagnefndar og HÍ

11. Kjaramál

Til upplýsinga til stjórnar.

12. Önnur mál

- a. Rætt var um Heimilisathuganir einstaklinga utan sjúkrastofnana og aðgengi að þeirri þjónustu.
- b. Rætt var um samskiptagátt milli heilbrigðisstétta af frumkvæði Guðnýjar Stellu og Laufeyjar Dóru – markmið að efla samskipti einkum er varðar þjónustu við aldraða. Verkefnið er tengt Suðurlandi nú í byrjun.
- c. Rætt um umræðu um veikindahlutfall opinberra starfsmanna, og möguleg gögn því tengdu
- d. Rætt um stöðu mála á starfsstöðvum sjúkráþjálffara, og breytingar á starfsemi Reykjalundar.
- e. Rætt um Heldri Sjúkráþjálffara kaffi sem haldið var – frábær mæting var meðal félagsfólks sem gerði sér glaðan dag í aðstöðu félagsins í Borgartúni 27.